

Starfsáætlun leikskólans

2015 – 2016



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
1. Inngangur	3
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	5
2.1 Innra mat leikskólans.....	5
2.2 Ytra mat.....	6
2.3 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	6
2.4 Matsáætlun (5 ára áætlun)	7
2.5 Húsnæði og lóð.....	7
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	9
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	9
4. Starfsmannamál	10
4.1 Starfsmannahópurinn 1. júní.....	10
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	10
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	10
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	10
5. Aðrar upplýsingar	12
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	12
5.2 Foreldrasamvinna.....	12
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	12
5.4 Almennar upplýsingar	13
5.5 Áætlanir.....	13
Fylgirit.....	14

1. Inngangur

Í þessari starfsáætlun verður farið yfir helstu þætti og endurmat síðasta árs ásamt því að setja fram starfsáætlun fyrir næsta skólaár 2015 -2016. Markmið þess er að gera stefnu og sýn leikskólans skýrari og markvissari.

Fimm ára forystuskólaverkefni í læsi og læsishvetjandi umhverfi lauk vorið 2013. Margt hefur áunnist þessi ár, má þar nefna sýnilegan mun á áhuga barnanna gagnvart bókalestri, stöfum, einstökum orðum og orðaforða. Í tengslum við verkefnið höfum við unnið með skipandi starf og eru þar sterk tengsl við bækur, þjóðsögur, ljóð og þulur. Einnig hafa börnin verið þjálfuð markvisst í að koma orðum sínum og hugsunum frá sér við ræðupúlt. Í tengslum við verkefnið höfum við haldið í heiðri „Degi íslenskrar tungu“ og unnið ýmis verkefni í tengslum við hann og einnig höldum við í heiðri „Alþjóðadegi barnabókarinnar“ sem haldinn er í tengslum við fæðingardag H.C. Andersen. Þá eru börnin hvött til að taka með sér bók heim úr bókasafni skólans og lesa heima með sínu fólki. Stefnt er að því að þróa enn frekar læsishvetjandi umhverfi í skólanum. Á síðasta skólaári fengum við úthlutuðu fjármagni úr Nýsköpunar- og þróunarsjóði sem notað var til þess að innleiða ákveðna starfsaðferð K-Pals. Sú aðferð gengur út á það að þör læra saman og er ætluð elstu börnum skólans í byrjendalæsi. Einnig var skipulega unnið með að auka færni starfsmanna í notkun spjaldtölvu.

Við byrjuðum að innleiða SMT haustið 2010 og hefur það gengið nokkuð vel. Með SMT vonumst við til að með samræmdum aðferðum og sameiginlegri sýn þá takist okkur að halda vel utan um aga og hegðunarkennslu nemenda okkar. Við gerum það fyrst og fremst með því að gefa jákvæðri hegðun gaum og styrkja og hrósa fyrir það sem vel er gert. Enn erum við að tileinka okkur þessa færni og fór einn starfsmaður frá okkur á ítarlegt námskeið á síðasta skólaári og stefnt er að því að senda annan starfsmann á námskeið næsta skólaár.

Margir viðburðir hafa fest sig í sessi í skólamenningunni s.s. vorferð, sumarhátíð, hefðir tengdar jólum, fastar ferðir í bókasafnið einu sinni í viku, íþróttaiðkun í Bjarkarhúsinu, Bjartir dagar og þannig mætti telja áfram.

Það er markmið kennara Arnarbergs að í leikskólanum sé unnið metnaðarfullt fagstarf þar sem hverjum nemanda er mætt á eigin forsendum. Í leikskólanum starfar fjöldi fólks með víðtæka þekkingu og mikla reynslu og er það einn af styrkum stoðum skólans. Eitt af markmiðum skólans er að móta og þróa leikskólastarf sem byggir á samvinnu fag- og uppeldisstétta og stuðli að samábyrgð allra starfsmanna. Mikilvægt er að veita kennurum það öryggi að þeir viti alltaf hvað framundan er, hver verkefni og ábyrgð þeirra eru. Starfsumhverfið skal vera aðlaðandi, veita ánægju og vellíðan ásamt því að leggja áherslu á góð samskipti. Framlag hvers og eins sé metið að verðleikum, starfsfólki séu falin verkefni sem fela í sér ábyrgð og kröfu um metnað þeirra. Starfsmannasamtöl eru alltaf á vorönn og gefa þau góða vísbendingu um væntingar og líðan starfsfólks. Starfsfólk getur komið með athugasemdir, gagnrýni, óskir og/eða hugmyndir að úrbótum ef þurfa þykir. Í þeim samtölum fer fram mat á frammistöðu og markmiðssetningar gerðar skýrar og einfaldar.

Samráðsteymi er við leikskólann og eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri

sitja í samráðsteyminu. Meginhlutverk þess er að gæta hagsmuna barna í leikskólanum, vernda þau og styðja. Bæði starfsfólk og foreldrar geta vísað málum til samráðsteymis. Þar er farið yfir öll mál sem berast og unnið úr þeim á þann hátt að farsæl lausn finnist.

Við leggjum mikla áherslu á góð samskipti og samvinnu við foreldra og hvetjum þá til að leita til okkar með áhyggjuefni sínu. Við sendum tölvupósta reglulega og erum meðvituð um mikilvægi þess að gott upplýsingastreymi sé á milli leikskóla og heimilis og öfugt. Við leikskólann starfar öflugt foreldrafélag sem vinnur frábært starf í samvinnu við stjórnendur leikskólans. Einnig er foreldraráð sem fundar einu sinni í mánuði, það hefur komið sér upp starfsreglum sem unnið er eftir. Foreldraráð hefur umsagnarétt um þessa starfsáætlun sem og aðrar meiriháttar breytingar á skólastarfinu.

Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2015-16 er metnaðarfull og í henni er farið fram á fjármagn til að efla og styrkja starfsfólk ásamt því að bæta við nýrri þekkingu.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans

Innra starf leikskólans

Við leggjum áherslu á að samræmi sé í vinnu barna á sama aldri með því að hafa reglulega fundi hópstjóra. Þessir fundir eru einu sinni til tvisvar á önn og eru til þess að hópstjórar geti borið saman bækur sínar og þeir eldri og reyndari leiðbeint þeim sem eru að byrja í kennslu. Með því viljum við bera þekkingu áfram og miðla reynslu börnunum til hagsbóta. Markmið okkar hefur verið og verður áfram að fjölga í faghópnum það hefur tekist að nokkru leiti. Daglegt starf hefur gengið vel og er dagskipulag í föstum ramma sem vel hefur gengið að fara eftir og mat okkar er að hald því óbreyttu. Á hverju ári leggjum við af stað með áætlun um verkefnavinnu í hópatímum, samverustundum og öðrum verkefnatengdum þáttum. Vel hefur gengið að fara eftir þeim áformum sem sett voru. Hópatímar hafa nýst vel og mörg skemmtileg verkefni hafa verið unnin og ávallt er áhugi barnanna mikill, þau búa yfir miklum sköpunarkrafti og vilja til að takast á við ný verkefni. Mat starfsmannahópsins er að skólaárið hafi gengið vel og flestir þættir sem lagt var af stað með hafi gengið upp og eru þess verðir að halda áfram með og erum við þá að vísa í hópatíma, listastofu og samverustundir sem byggja á skapandi starfi, málörvun og læsishvetjandi aðferðum. Á vordögum var haldinn hér í leikskólanum kvöldfundur um skapandi starf í leikskólanum. Þar miðluðu sérgreinastjóri í listum og skapandi starfi ásamt sérkennslustjóra af reynslu sinni fyrir fullu húsi, gestir voru um 90 manns, kennarar og annað starfsfólk úr leikskólum vítt og breytt af landinu. Þessu var gefin góður rómur sem um leið styrkir okkur í að halda áfram á sömu braut. Einnig má nefna þætti sem fest hafa sig í sessi hjá okkur eins og íþróttaiðkun í Bjarkarhúsinu fyrir tvo elstu árgangana, reglulegar ferðir í Bókasafnið, danskensla fyrir öll börn og sundkensla fyrir elstu börnin. Skipulagsdagar hafi verið notaðir til að efla starfsmenn í fagmennsku s.s. með námskeiðum í uppeldisfræðilegum skráningum, kennslu í vinnu með spjaldtölvur ásamt æfingum og verkefnum þessu tengdu. Þá héldum við tæknidag þar sem við unnum með afrakstur þeirra verkefna og tækifæra sem við höfðum aflað okkur með þessari vinnu í vetur og buðum við foreldrum og öðrum gestum að koma og fylgjast með. Almenn ánægja var með þetta og höfðu foreldrar sérstaklega orð á hvað dagurinn var skemmtilegur og upplýsandi. Allt þetta hefur skilað okkur meiri fagmennsku og öryggi í vinnu t.d. við vinnu með skráningar. Starfsmannafundir hafa einnig verið nýttir vel til þessara hluta.

Læsi og læsishvetjandi umhverfi

Skólinn hefur verið í forystu hér í bænum í læsishvetjandi umhverfi barna síðustu ár. Þetta verkefni hefur gengið vel og mikil og almenn ánægja er meðal allra þeirra sem komið hafa að því s.s. barna, foreldra og starfsmanna. Mat okkar er að börnin sýni mikinn áhuga á bókum, bókstöfum og öðru læsishvetjandi efni. Áhersla er lögð á lestur bóka og að bækur séu ávallt í umhverfi barnanna og þeim aðgengilegar. Áhuginn hefur leitt af sér mörg skemmtileg verkefni og má nefna að unnið er með margar sögur, ljóð og þulur í mörgum þáttum sköpunar s.s. í listastofu, leikrænni tjáningu og framsögn. Sérstaklega hafa verið metnar lestrastundir og það skoðað markvisst hvernig börnin hlusta á sögur. Sjáanlegur mundur er á því hvað þau hlusta vel, tileinka sér sérstök orð sem unnið er með áfram og hvernig orðaforði hefur aukist. Allir hafa lagt metnað sinn í þetta verkefni og er mikill vilji til að halda því áfram þó formlegur tími þess sé liðinn. Á vordögum var tekin ákvörðun

um að blása til sóknar og sækja um styrk í Þróunar og nýsköpunarsjóð til áframhaldandi vinnu þessu tengdu. Í haust hófum við að innleiða K-Pals aðferðina sem þróuð var af Peabody College við University í Tennessee-fylki í Bandaríkjunum. Sóttu kennarar námskeið sem haldið var á vegum Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar. Markmið aðferðarinnar er að gefa kennurum kost á því að örva og þjálfra samtímis hóp af börnum í hljóða- og stafabekkingu með jafningjamiðlaðri nálgun (félagakennslu). Námsfnið reyndist gott og börnin mjög áhugasöm. Í byrjun var tekið Hljóm2 – próf af börnunum og það svo endurtekið eftir veturinn. Börnin sýndu miklar framfarir og allt upp í að hafa rúmlega tvöfalda stigafjölda sinn. Það er mat okkar að þetta sé mjög gott námsefni sem sannarlega á erindi við börn á elsta aldurstigi og um leið góð til að hefja lestrarnám. Það er tú okkar að þetta muni skila börnunum góðum ávinningi inn í grunnskólann og að þau verði hæfari til að hefja lestrarnám í fyrsta bekk grunnskóla. Ætlun okkar er að halda þessu áfram á næsta skólaári og bæta við þekkingu kennara í P-palsi sem er ætlað börnum í næst elsta árgangi leikskóla og hefja innleiðingu þess.

Sjálfsmat

Við lögðum af stað með þá áætlun að starfsmenn skoðuðu sérstaklega sjálfsmat gagnvart einstökum þáttum í leikskólastarfinu eins og styrk sinn gagnvart verkefnum tengdum læsishvetjandi þáttum og hópavinnu. Almennt telja starfsmenn sig standa vel að vígi í þessum þáttum og að sjálfsöryggi sé meira eftir því sem liðið hefur á tímann sem unnið hefur verið með þessa þætti. Allt má þó bæta og til að gera þessa þætti markvissari og sýnilegri höfum við farið í umbætur þessu tengdu. Við nálgumst matið meira með ljósmyndaskráningum og video-brotum. Notkunn spjaldtölvu hefur gert okkur kleift að skrá með gerð rafbóka og video-brotum það sem við höfum verið að vinna s.s. einstök verkefni og reglubundna hópatíma. Þannig getum við skoðað eigin árangur, árangur tengdum börnum og skólanámskrá. Samhliða þessu stofnaði skólinn sína eigin Vimeo síðu og þannig getum við miðlað til foreldra þessari vinnu og fært leikskólastarfið nær foreldrum.

2.2 Ytra mat

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar fékk Skólapúlsinn í febrúar 2015 að gera starfsmannakönnun. Tilgangurinn var að skoða almenna líðan starfsmanna og hug þeirra til starfsins. Í flestum þáttum kom skólinn vel út, almennt voru starfsmenn ánægðir og litu vinnustaðinn jákvæum augum. Þá niðurstöðu getum við helst dregið af þessari könnun til framtíðar að efla þarf félagsþáttinn milli starfsmanna og auka samvinnu. Menntamálaráðuneytið gerði ekki mat á leikskólastarfinu síðasta skólaár. Hafnarfjarðarbær fór af stað með greiningu á vanda barna gagnvart læsi og hefur vinnuhópur verið starfandi vegna þess, þá kom fulltrúi Skólastofunar Margrét S. Björnsdóttir í skólann og fór yfir hvað gert hefur verið í þáttum tengdu læsi og stærðfræði. Í kjölfarið kom út skýrslan „Bjartir tímar framundan!“. Ætla má að niðurstöður sem þar koma fram og ábendingar verði vegvísir að bættri aðkomu skóla og bæjarfélagsins til þess að takast á við þessi verkefni og verði liður í úrbótum.

2.3 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Ákveðið hefur verið í tengslum við innra mat skólans að efla enn frekar umbætur tengdar skráningum í skólastarfinu. Nefnum við sérstaklega skriflegar skráningar tengdar barnahópnum með áherslu á skráningu og mat á hópatímum í tengingu við grunnþætti menntunar samkvæmt

skólanámskrá. Einnig ætlum við að meta út frá þessum þáttum eigið framlag og styrk okkar og veikleika. Þannig er ætlunin að hægt sé að nálgast endurmenntun á skilvirkan og markvissan hátt. Samhliða þessu er ætlunin að auka ljósmyndaskráningar og skráningar á video-brotum en með því að rýna í myndir má sjá ótal margt bæði það sem vel er gert og það sem betur má fara, lesa má í líðan og áhuga. Forsenda þessa eru betri tölvutengingar og tölvukostur, þó hefur áorkast með spjaldtölvum sem leikskólinn fékk á síðasta skólaári. Bagalegt er hvað leikskólinn hefur setið eftir í tölvumálum, tengingum og netsambandi. Skráningar ættu að geta verið auðveldar með allri nútímatækni sem í boði er og munum við áfram leitast við að auka færni okkar á því sviði eins og kostur er. Mikilvægt er að fá mat barnanna á starfinu, það er gert með spurningum sem þau svara með matstækjum sem sniðin eru að þeim. Þetta mat er gert einu sinni á skólaárinu. SMT skólafærni sem leikskólinn er þátttakandi í gefur gott tækifæri til að meta skólasterfið. Skráningar á eru gerðar varðandi daglegar þarfir, hegðun og færni á mörgum sviðum sem svo áfram eru gagnlegar við skipulag verkefna, líðan barnanna og félagsfærni.

Skipulagsdagar verða nýttir til námskeiða, fræðslu og samráðs fyrir alla starfsmenn. Lögð verður áhersla á þá þætti sem símenntunaráætlun kveður á um. Starfsmannafundur verða eins og áður nýttir til skipulags og samráðs innan deilda og fyrir allan skólann. Fagfundir er vettvangur fagmanna til að bera saman bækur sínar og skipuleggja faglega vinnu þá vinnu sem framundan er hverju sinni. Einnig gefst þar gott tækifæri til þess að endurmeta starfið og rýna til gagns.

2.4 Matsáætlun (5 ára áætlun)

Vilji er fyrir því að efla færni starfsmannahópsins í uppeldisfræðilegum skráningum. Með markvissri fræðslu og vinnu teljum við að auka mætti vel það ferli og gera það að skipulögðu og gagnlegu mati sem kæmi að gagni fyrir allt faglegt starfs leikskólans. Auðveldara væri að halda utan um mat á grunnþáttum leikskólastarfsins og sameina um leið allt samþætt og skapandi starf sem fram fer innan skólans. Með því værum við að beina sjónum að öllum námsþáttum sem hríslast inn í daglegt starf og efla alla þroskaþætti barnanna.

Skráningar verði gerðar jafnóðum í hverri viku og teknar saman og metnar einu sinni í mánuði. Lokamat væri svo gert í lok annar. Þá væri kominn vegvísir um áframhaldandi starf og auðveldara væri að koma auga á það sem þarf að bæta og einnig hvað vel hefur gengið og vert væri að halda áfram með. Það gæfi tækifæri til að meta líðan barnanna, þátttöku þeirra og virkni í skráðum námsþáttum.

Uppeldisfræðilegar skráningar eru matstækin, þær eru unnar með ljósmyndaskráningum, video - brotum og skriflegum skráningum.

Fagmenn meta skráningarnar og áframhaldandi vinnu. Allir starfsmenn tækju þátt í skráningum og þjálfar sig í þeim. Börn taka þátt í matinu með spurningalistum. Foreldrar meta starfið í reglulegum könnunum sem gerðar eru af leikskólanum annað hvert ár. Auk þess er áætlun um að birta reglulega kannanir á heimasíðu skólans sem fela í sér einn þátt í einu sem leitað er svara við hjá foreldrum.

2.5 Húsnæði og lóð

Leikskólinn Arnarberg tók til starfa í núverandi mynd við Haukahraun í Hafnarfirði í ágúst 2003, en áður var hann starfsræktur í tveimur húsum. Leikskólinn er fjögurra deilda með rétt tæplega

hundrað börn og um þrjátíu starfsmenn. Umhverfi leikskólans er rólegt og friðsælt og nýtur hann góðs af frábærri staðsetningu innst í botnlanga, þar sem umferð og umferðarhraði er í lágmarki.

Húsnæði skólans er í góðu standi og tilfallandi viðgerðir gerðar jöfnum höndum. Lóð skólans er stór með mörgum leikföngum sem all flest eru í góðu lagi. Nú að vori var farið yfir það hvað helst þyrfti að lagfæra eftir veturinn. Grasflatir sem eru laskaðaðar og koma þarf í veg fyrir vatnsflaum sem á greiða leið inn á leikvöllinn og getur skapað hættu í verstu tilfellum. Einnig er þörf á að setja betri girðingu á leiksvæði smábarnanna en þar er girðing sem börnin komast auðveldlega framhjá.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Aðalverkefni okkar næsta skólaár er læsishvetjandi umhverfi í leikskóla. Eins og áður hefur komið fram verður þessi vinna áframhald af vinnu síðustu ára með meiri áherslu á elstu börnin og þau næst elstu. Markviss málörvun í gegnum leik og skapandi starf hefur verið og verður áfram áhersluþáttur ásamt því að taka út einstök orð til að efla málskilning. Einnig er mikil áhersla lögð á að börnin þjálfí sig í framsögn, kynnist bókum og sögulestri. Innleiðing K-pals þör læra saman var og verður áfram helsta nýbreytnin í verkefninu, ætlunin er að vinna þetta í lotum strax frá hausti, loturnar standa yfir í 4-6 vikur í senn. Markmiðið með þessu er að börnin verði meðvitaðri um bókstafi og þannig betur í stakk búin til að hefja lestrarnám ásamt því að þessi samvinna eflir félagsleg tengsl barnanna. Þriggja kennara teymi bera ábyrgð á almennum þáttum verkefnisins og leiðir það næsta skólaár. Þá er ætlunin að senda kennara á námskeið ætlað næst elsta árgangi skólans sem byggir á sömu forendum og kallast P-pals og byrja að hausti innleiðingu þess. Deildarstjórar halda utan um að unnið sé í hópatímum, samverustundum og öðrum skipulögðum stundum dagsins þau verkefni sem áætluð eru hverju sinni. Skráningar, þá bæði skriflegar og ljósmynda- og video skráningar verða helstu tækin til að meta starfið og um leið verða þær hluti af sjálfsmati leikskólans. Gagnvart elstu börnunum er ætlunin að byrja á því að taka af þeim Hljóm-próf en það er skimun/próf sem metur hljóð- og málvitund barnanna, áður en innleiðing K-palsins hefst. Hljóm-próf er svo tekið aftur að vori og þá ætlum við að geta séð mælanlegan árangur.

SMT – skólafærni fyrir PMT - skóla heldur áfram. Við höfum verið að innleiða þessa færni og munum halda því áfram. Nokkrir kennarar hafa sótt ítarleg námskeið um þessa aðferð og í haust munu einn til tveir í viðbót sækja slíkt námskeið. Það mun án efa styrkja okkur í að gera þessa skólafærni að sjálfsgöðum hlut í okkar starfi. Mat á árangri er skoðað af öðrum SMT- skólum einu sinni á ári. Tveir deildarstjórar bera ábyrgð og halda utan um þessa vinnu.

Áætlanir eru um að efla skráningar í leikskólastarfinu og þannig fá betri sýn á allt skólastarf. Gert er ráð fyrir að allir starfsmenn fái námskeið sem geta aukið færni við þessa vinnu einstaklingslega eða sem hópur.

4. Starfsmannamál

4.1 Starfsmannahópurinn 1. júní

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennarar	11		Leyfisbréf
Annað háskólapróf	2		Grunn- og framhaldsskóla kennarar
Leiðbeinendur	16		Ófaglært starfsfólk
Matartæknir	1		Matartækninám
Aðstoðarfólk í eldhúsi	2		Ófaglært starfsfólk

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsmannasamtöl eru á vorönn, fyrirfram gefnum tímum er deilt til starfsmanna. Markmið þeirra er að hlusta eftir líðan og væntingum starfsmanna um eign markmið og óskir s.s. varðandi endurmenntun og starfsumhverfi. Starfsmenn geta einnig komið með athugasemdir, gagnrýni, óskir og/eða hugmyndir að úrbótum ef þurfa þykir. Í þeim samtölum fer fram mat á frammistöðu og markmiðssetningar gerðar skýrar og einfaldar.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Markmið símenntunar er að efla og mennta starfsmenn. Öflug og virk símenntun hefur verið í boði hjá Skólaskrifstofu Hafnarjarðar sem starfsmenn hafa nýtt sér vel. Má þar nefna námskeið eins og Námsögur, Málörvandi spil og leikir, Útikennsla, PMT-fræðsla fyrir SMT-skóla, Boðberi válegra tíðinda, K-pals-pör læra saman, Læsishvetjandi umhverfi, Tvítýngd börn, Leikurinn ofl. Einnig hafa starfsmenn sótt námskeið á vegum Greiningarstöðvar ríkisins og Endurmenntun Háskóla Íslands. Allir starfsmenn hafa í vetur setið námskeið og unnið verkefni í notkun spjaldtölvu undir leiðsögn Rakelar Magnúsdóttur, það var liður í að allir tileinkuðu sér þessa nýju tækni sem leikskólum var boðið uppá bæði fyrir börn og starfsmenn. Fyrirlestur var fyrir allt starfsfólk í K-palsi þannig að allir væru upplýstir um efni og tilgang þess. Einnig var haldinn námskeiðsdagur í Uppeldisfræðilegum skráningum undir leiðsögn Guðrúnar Öldu Harðardóttur. Allir starfsmenn sóttu Málþing um læsi sem Skólaskrifstofa Hafnarjarðar til að Hótel Nordica á vordögum.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Símenntunaráætlun leikskólans

Áherslur næsta skólaárs í símenntun starfsmanna byggir fyrst og fremst á því að ætlunin er að halda áfram með læsishvetjandi umhverfi leikskólabarna. Ætlunin er að halda áfram að innleiða K-pals pör læra saman – þar sem áhersla er lögð á byrjendalæsi. Fleiri kennarar munu sækja námskeið ásamt því að áætlun er um að senda kennara á námskeið í P-palsi sem byggir á sömu hugmyndum og K-palsið nema það er ætlað næst elstu börnunum, þá er hugmyndin að hefja innleiðingu þess næsta skólaár. Vilji er fyrir því að efla stærðfræðikennslu innan skólans og í því samhengi er ætlunin að senda kennara á námskeið sem verða í boði á því sviði. Áfram er ætlunin

að senda kennara á Hljóm- námskeið ásamt TRAS- námskeiði því markmiðið að allir kennarar hafi sótt þessi bæði námskeið. Haldið verður áfram að styðja við SMT-fræðslu og í haust fara einn til tveir kennarar á námskeið ef það verður í boði. Skipulagsdagur verður nýttir til sameiginlegrar fræðslu fyrir starfsmenn s.s. með fyrirlestrum, jafningjafræðslu og endurmati. Einnig munum við nota starfsmannafundi og fagfundi til þessa. Næsta skólaár verður áfram unnið með spjaldtölvur og þá möguleika sem þær bjóða í leikskólastarfi, hugmyndir eru um að halda áfram undir leiðsögn Rakelar Magnúsdóttur. Vorið 2016 er áætluð náms- og kynnisferð starfsmanna til Spánar.

Önnur fræðsla

Starfsmenn munu eins og áður sækja námskeið sem Skólaskrifstofa stendur fyrir en þar er fjölbreytt val sem stendur til boða. Sérkennslustarfsmenn sækja námskeið sem Greiningarstofnun ríkisins býður og henta okkar börnum. Áætlað er að stjórnendur sækja námskeið næsta vetur sem verður í boði Skólaskrifstofu í samvinnu við Þekkingarmiðstöðina. Ráðstefnur og málþing sem verða í boði og þykja henta okkar verkefni um læsishvetjandi umhverfi.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Fjöldi barna í leikskólanum – 95 börn.
- Kynjahlutfall – 47 stúlkur og 48 drengur.
- Dvalarstundir – eru 952,58.
- Deildargildi eru – 4,96.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki voru 6 börn.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik voru 26 barn.
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku – 12 börn.
- Fjöldi tungumála – 10 tungumál utan íslensku.
- Þjóðerni forsjáaraðila – 83 íslenskir, 7 pólskir, 1 lettar, 1 litháískur, 1 rússneskur, 1 singhalesíska, 1 serbókróatískur, 1 grænlenkskir, 1 enskur, 1 ungværskur, 1 táknmál.

5.2 Foreldrasamvinna

Við áttum gott samstarf við foreldra og foreldrar eru almennt ánægðir með leikskólann og þær leiðir sem við erum að fara. Við höfum lagt aukna áherslu á móttöku barna og reynt að taka einstaklega vel á móti hverju barni og kveðja það jafn vel í lok dags. Það er ætlun okkar að leggja okkur enn frekar fram og koma til móts við foreldra eins og kostur er. Foreldraráð er starfandi við leikskólann og á hverju hausti er haldinn stór kvöldfundur þar sem foreldrafélagið fer yfir starf síðasta árs og jafnframt er kosið í foreldraráð og foreldrafélag. Einnig eru tölvusamskipti mikil um atburði líðandi stundar. Fastir dagar eru yfir árið þar sem foreldrum er boðið ýmist í morgunmat eða kaffi, þetta eru dagar sem foreldrar koma og njóta þess að vera með börnum sínum og hitta aðra foreldra. Foreldraviðtöl eru boðuð einu sinni á ári og hafa þá kennarar undirbúið þau og fara með foreldrum yfir þroska barna þeirra, líðan og veru í leikskólanum. Einnig standa foreldrum til boða viðtöl við kennara eftir eigin óskum og þörfum. Við leggjum áherslu á að vera í góðu sambandi við foreldra með tölvupóstsendingum og virkri heimasíðu. Samhliða aukinni tækni og spjaldtölvunotkun höfum við nú bætt við Vimeo – síðu fyrir skólann þar sem foreldrar geta fylgst með ýmsum ferðum og verkefnum sem sett eru þar inn ýmist sem rafrók eða vídeo –brot. Einnig hefur ljósmyndaskráning sem er stöðugt í gangi í sjónvörpum í fataklefum barnanna fært starfið nær foreldrum.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Góð samvinna hefur skapast milli grunnskólans og leikskólans. Helst og mest er samvinnan við Lækjarskóla en flest börnin sækja þann skóla eftir dvöl sína hér, einhver fara þó í Víðistaðaskóla og höfum við átt gott samstarf við þann skóla einnig. Reglulegar heimsóknir eru á milli skóla þannig að börnin sem eru í Lækjarskóla koma í heimsókn til okkar og eru með okkar börnum í fyrirfram ákveðnum tímum en einnig lesa þau fyrir börnin hér við góðar undirtektir. Leikskólabörnin fara í heimsóknir í Lækjarskóla og fá að taka þátt í kennslustundum. Reynt er að koma því við að þau fái að kynnst nokkrum þáttum kennslunnar s.s. að þau fái að sækja tíma í almennum kennslustundum, ípróttum og smíðum svo eitthvað sé nefnt.

Skólaskilafundir hafa ávallt verið haldnir að vori og skilar þá sérkennslustjóri þeim börnum sem notið hafa sérkennslu á einhvern hátt og var það einnig svo í ár. Einnig hafa fylgt öllum börnum Hljóm – próf til grunnskólans. Nú verður sú breyting á að öllum börnum verður skilað að hausti í grunnskólann og þeim fylgt eftir í hendur grunnskólakennarans. Það er trú okkar að þetta fyrirkomulag verði börnunum til hagsbóta og styrki fyrstu skref þeirra í nýjum skóla.

5.4 Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar næsta skólaárs; 20. Nóvember 2015. 24. Febrúar, 20 og 22 apríl (tveir teknir saman vegna náms- og kynnisferðar starfsmanna og 17. maí 2016.

5.5 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

Forvarnaráætlun gegn:

- einelti
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg35.pdf>
- slysum
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg9.pdf>
- Ofbeldi og áföllum
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg38.pdf>
- tilvísunarblað
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg39.pdf>

Öryggisáætlanir

- Rýmingaráætlun
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg11.pdf>
- Vinnuverndaráætlun
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg48.pdf>
<http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg49.pdf>

Móttökuáætlun

- <http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg46.pdf>

Jafnréttisáætlun

- <http://www.leikskolinn.is/arnarberg/skjalasafn/arnarberg47.pdf>

Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði, 30. júní 2015

Oddfríður Sæby Jónsdóttir

Leikskólastjóri

Kristbjörg Helgadóttir

aðstoðarleikskólastjóri